



LANDSSÖFNUN FYRIR PALESTÍNU

UPPGJÖRSSKÝRSLA

SOLARIS HJÁLPARSAMTÖK FYRIR
HÆLISLEITENDUR OG FLÓTTAFÓLK Á ÍSLANDI

3. SEPTEMBER 2024

UPPFÆRT: 22. JANÚAR 2025

Landssöfnun fyrir Palestínu

Uppgjörsskýrsla

Þann 7. febrúar síðastliðinn var áttakinu *Landssöfnun fyrir Palestínu* hrint af stað með það að markmiði að safna að minnsta kosti 50.000.000 krónum til að koma íslenskum dvalarleyfishöfum frá Gaza og til Íslands. Söfnuninni lauk formlega þann 4. mars 2024 þegar markmiðinu var náð. Verkefninu sjálfu lauk þó ekki fyrr en í september 2024.

Solaris – hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi voru í forsvari fyrir söfnunina, en nutu liðsinnis fjölmargra sjálfboðaliða í söfnuninni og verkefninu. Söfnun fjármuna fór einungis fram í gegnum netið og var mjög sjálfbær. Ekki voru keyptar neinar auglýsingar. Upplýsingar um söfnunina má finna hér:

<https://www.solaris.help/palestina>

Söfnunin snéri að því að safna fé sem hægt væri að koma til Egyptalands, en þar starfar ferðaskrifstofa sem býður upp á þá þjónustu að flytja fólk frá Gaza, Palestínu, yfir landamærin til Egyptalands. Fyrir þjónustu þessara ferðaskrifstofu, sem felur í sér rútuferð frá Gaza til Kaíró, þarf að greiða reiðufé í bandaríkjadollurum. Fyrir einstakling, yngri en 16 ára er verðið 2500 dollarar og fyrir einstakling sem er 16 ára eða eldri er verðið 5000 dollarar.

Þegar söfnunin fór af stað voru rúmlega 100 íslenskir dvalarleyfishafar fastir á Gaza, en það fjölgaði nokkuð hratt í þeim hópi á vormánuðum, eftir því sem fleiri umsóknir Palestínufólks um fjölskyldusameiningu voru afgreiddar og samþykktar á Íslandi. Íslensk stjórnvöld höfðu gefið það út að ekki væri fyrirséð um hvort þau gætu aðstoðað þessa aðila við útgöngu af svæðinu og því hrinti Solaris verkefni af stað sem fól í sér að sækja fólk. Þó varð það svo að þann 8. mars sl. komu 72 íslenskir dvalarleyfishafar til landsins með fulltingi stjórnvalda. Solaris hafði þó þegar greitt ferðakostnað fyrir flesta ef ekki alla í þeim hópi til ferðaskrifstofunnar í Kaíró.

Öll sem komu að verkefninu unnu sína vinnu í sjálfboðnu starfi og var engu af fé söfnunarfénu varið í ferðakostnað eða upphald sjálfboðaliða. Ýmsar leiðir voru nýttar við söfnun fjármunana, en hægt var að leggja söfnuninni til fé í gegnum snjallsímaforritið AUR, í gegnum sérstaka síðu sem sett var upp fyrir verkefnið á Styrkja.is og einnig var hægt að millifæra beint inn á sérstakan bankareikning söfnunarinnar í nafni Solaris.

Greiðslur vegna fjármuna sem söfnuðust í gegnum AUR og Styrkja.is sem og í gegnum posa og með innlögnum á reiðufé sem bærust inn á aðalreikning samtakanna, en voru millifærðar inn á söfnunarreikninginn og þær færslur stemmdar af við uppgjörsskjöl frá báðum fyrirtækjum. Yfir 6000 færslur eru að baki því fé sem safnaðist í kringum verkefnið, en afgerandi mikill meirihluti þessara færslna er frá einstaklingum hér á landi sem styrktu verkefnið.

Reikningur söfnunarinnar verður birtur á upplýsingasíðu verkefnisins sem vísað er til hér að ofan.

A. Yfirlit yfir söfnunarupphæðir og söfnunarleiðir

- Í gegnum Aur söfnuðust 8.718.497 kr í 1597 færslum.
- Í gegnum styrkja.is söfnuðust 5.569.300 í 542 færslum.
- Millifærslur frá einstaklingum inn á söfnunarreikning voru 4112 talsins, og söfnuðust 57.741.370 með þeim hætti.
- Færslur frá lögaðilum inn á söfnunarreikning voru 88 talsins, að upphæð 13.692.655.
- Að auki voru haldnir viðburðir til styrktar verkefninu, þar sem fjármunum var safnað í gegnum posa sem samtökin hafa á leigu og fjárframlög greidd í reiðufé. Greiðslur í gegnum posa og reiðufé námu 2.027.383 kr.
- Símgreiðslur frá aðilum erlendis námu 243.895, í sjö færslum.
- Einnig komu framlög á aðalreikning samtakanna sem voru merkt verkefninu, og voru þau framlög millifærð inná söfnunarreikninginn. Þau framlög námu 5.345.000 kr.

Á meðan á verkefninu stóð kom Solaris að skráningu 127 einstaklinga með dvalaleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar auk um 80 annarra einstaklinga sem á þeim tíma biðu eftir og/eða bíða enn eftir dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar flóttafólks og/eða einstaklinga með bein fjölskyldutengsl við Ísland, en samtökin höfðu þegar komið að skráningu hluta þeirra sem komu út á vegum stjórnvalda í mars. Aðkoma Solaris var ýmist með því að hafa veg og vanda af skráningum eða með því að leggja til fé í safnanir sem miðuðu að skráningu einstaklinga.

Á meðan á söfnunni stóð, og fram til dagsins í dag, söfnuðust 93.338.100 krónur. Þrátt fyrir að samtökin hefðu sent tilkynningu um að söfnun væri lokið og að markmiði hefði verið náð þann 4. mars 2024, þá héldu fjármunir áfram að berast í einhverju mæli inn á sérstakan söfnunarreikning eftir að sú tilkynning hafði verið send út. Þeim fjármunum var einnig varið á þann hátt sem tilgreindur var þegar söfnunin fór af stað, en þrátt fyrir að söfnun hafi verið lokið formlega var starfinu í kringum hana ekki lokið þann 4. mars, en sjálfboðaliðar voru í Kaíró allt fram undir lok maí 2024, og samtökin aðstoða enn einstaklinga við að komast til Íslands frá Kaíró, þó án kostnaðar.

Þess ber að geta að stór hópur dvalarleyfishafa kom frá Gaza til Egyptalands í apríl, en illa gekk að fá aðstoð íslenskra stjórnvalda við að koma þeim til Íslands. Því myndaðist mikill kostnaður við gistingu, upphald, lækniþjónustu, lyf og aðra nauðsynlega þjónustu við þann hóp á þeim tíma. Þau sem voru föst í Egyptalandi hve lengst vegna þess að stjórnvöld útveguðu ekki nauðsynleg gögn fyrir þau til þess að ferðast til Íslands voru þar í um tvær vikur.

B. Yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna sem söfnuðust

- 65.209.710 krónur fóru í kaup á gjaldeyri til að greiða fyrir skráningar hjá ferðaskrifstofu í Kaíró, Egyptalandi.
- 2.165.963 krónur fóru í greiðslu fyrir gistingu, matvæli og nauðsynjavörur fyrir dvalarleyfishafa í Egyptalandi.
- 23.272.511 krónur fóru í styrki við aðrar safnanir sem miðuðu að því að skrá fólk til að koma því út af Gaza.
- 4.760 krónur voru greiddar í kostnað við móttöku á erlendum greiðslum.
- 50.000 krónur voru greiddar í heimkomustyrk.

Þess ber að geta að á söfnunarreikningnum eru í dag 2.635.156 kr. sem ekki hefur verið hægt að ráðstafa vegna þess að landamærin á milli Gaza og Egyptalands hafa verið lokað um þó nokkurn tíma. Þeim fjármunum verður ráðstafað með sama hætti og öðru fé þegar/ef hægt er. Verði svo að landamærin opni ekki á nýjan leik og ferðaskrifstofan tekur ekki til starfa aftur verður eftirstandandi upphæð gefin til hjálparstarfs tengt Gaza.

Nánari útlitun á fjármunum

Innflæði	
Greiðslur af Solaris reikningum	
Greiðslur með posa og reiðufé á viðburðum	2.027.383 kr.
Styrkir lagðir inn á aðalreikning	5.345.000 kr.
AUR	8.718.497 kr.
Styrkja.is	5.569.300 kr.
Styrkir frá lögaðilum	13.692.655 kr.
Símgreiðslur	243.895 kr.
millisamtala	35.596.730 kr.
Greiðslur frá einstaklingum	57.741.370 kr.
Samtals inn:	93.338.100 kr.

Útflæði	
Gjaldeyrir	-65.209.710 kr.
Kostnaður við uppihald í Egyptalandi	-2.165.963 kr.
Styrkir í safnanir	-23.272.511 kr.
Kostnaður v/ erlendra greiðslna	-4.760 kr.
Styrkir við heimkomu	-50.000 kr.
Samtals út	-90.702.944 kr.

Mismunur innflæðis og útflæðis	2.635.156 kr.
Staða á söfnunarreikning 19.05.2024	2.635.156 kr.
Mismunur	0 kr.

Viðbót þann 22. janúar 2025:

Þann 22. janúar 2025 voru 20,453.26 Bandaríkjadalir, eða 2.897.767 íslenskar krónur, greiddar inn á reikning barnahjálparinnar á Gaza, *Palestine Children's Relief Fund* (PCRF). Um er að ræða eftirstöðvar söfnunarinnar auk vaxta. Óskað var eftir samþykki Sýslumannsins á Suðurlandi fyrir þessari ráðstöfun. Þann 10. janúar 2025 féllst sýslumaður á ráðstöfunina með skriflegum hætti.



United States
P.O. Box 861716 Los Angeles, CA 90086
Employer Identification Number (EIN): 93-1057665

501(c)(3) DONATION RECEIPT

Donation Date: 01/22/2025
SOLARIS - Refugee Relief Organization

Dear SOLARIS - Refugee Relief Organization,

Thank you for your kind donation of \$20,453.26 USD to support our humanitarian relief work for sick and injured children in the Middle East. Please consider this letter your tax-deductible receipt. **No goods or services were provided in exchange for your donation.**

Fyrir hönd stjórnar Solaris - hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi

SEMAERLAS.

Sema Erla Serdaroglu
formaður stjórnar

Ásdís Sigtryggisdóttir Virk
gjaldkeri stjórnar